



## Samkeppni og vorsýning Íslenska búta- og fiskveiðisáttakafélagsins 2012 “Strandmenning”

Búið er að velja þema fyrir næstu áskorun Íslenska búta- og fiskveiðisáttakafélagsins en það er “Strandmenning”. Sýningin verður haldin í Víkinni, Sjóminjasafninu í Reykjavík og er áætlað að opna hana í maí 2012.

Þátttakendur eru hvattir til að leita fanga fyrir viðfangsefni sín í strandmenningu síns héraðs. Hvarvetna má finna merki um áhrif nálægðar hafsins og sjósóknar á menningu okkar, í stóru sem smáu. Með strandmenningu er til dæmis átt við trönur, skreið, fiskhjalla, bryggjur, veiðarfæri og bátalægi. Einnig er átt við net, segl, fiska og sjófugla. Sömuleiðis þurrkaðan saltfisk, signa grásleppu og selveiði. Að ógleymdum sjóhöttum, sjófatnaði og þeim tækjum og tólum sem fólk við sjávarsíðuna notaði til að draga björg í bú. Að lokum má nefna að fjaran og flæðarmál eru líka þættir í strandmenningu.

Þó þáttur karla hafi verið fyrirferðarmeiri við sjálfa sjósóknina, má ekki vanmeta vinnuframlag kvenna við úrvinnslu sjávarafila, sem og flesta aðra vinnu sem fram fór í landi. Konur unnu við að salta og þurrka fisk, safna söllum og sauma fatnað, oft við þröngan kost og erfiðar aðstæður. Allt eru þetta atriði sem hafa má í huga þegar túlka skal hugtakið “strandmenning”.

### Skilmálar:

Stærð: Verkin skulu vera lágmark 0.6 fm og hámark 1 fm á stærð  
Aðferð: Frjálst  
Frágangur: 10 cm slíður fyrir stöng efst  
Merking: Neðst í vinstra horni á bakhlið skulu koma fram: nafn höfundar og heiti verks  
Þátttakendur: Félagar í Íslenska búta- og fiskveiðisáttakafélaginu  
Skráning: Fyrir 14. febrúar 2012, á sérstöku eyðublaði  
Skilafrestur: 14. mars 2012  
Verðlaun: Verðlaun veitt fyrir bestu verkin að mati dómnefndar  
Fjöldi verka: Hver þátttakandi má senda inn tvö verk

- Frjálst er að nýta sér og styðjast við blokkir og mynstur sótt af netinu, úr blöðum og bókum en láta skal þess getið ef teppið er ekki frumsamið.
- Sýningarnefnd áskilur sér rétt til að hafna þeim verkum sem ekki standast kröfur um ofangreind viðmið.
- Nánari upplýsingar og skráningareyðublað er hægt að nálgast á félagsfundum og/eða fá sent frá sýningar- og fræðslunefnd í tölvupósti.
- Íslenska búta- og fiskveiðisáttakafélagið áskilur sér rétt til að nota myndir af innsendum verkum í fjáröflunarskyni.

### Sýningarnefnd:

Sirry Poulsen, [sirryp@gmail.com](mailto:sirryp@gmail.com)  
Lovísa Jónsdóttir, [lovjo@internet.is](mailto:lovjo@internet.is)  
Ragnheiður Björnsdóttir, [ragnheib@raunvis.hi.is](mailto:ragnheib@raunvis.hi.is)